

Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2024 - 2025

Leikskólinn: Efstihjalli

Tengsl við námskrá: Starfsáætlun Efstahjalla er unnin í takt við námsþætti aðalnámsskrá leikskóla og menntastefnu Kópavogsbæjar. Efstihjalli starfar eftir þremur megin stólpum, fjölmenningu, Barnasáttmálanum og sköpun þar sem grunnurinn sem heldur stólpunum uppi eru samskipti.

Endurmat – Umbótaáætlun: Áherslupættir á mati skólastarfsins í Efstahjalla eru gerð góð skil ásamt greinagóðri endurmat- og umbótaáætlun. Lögð er áhersla á að afla gagna með fjölbreyttum hætti frá foreldrum, börnum og starfsfólki. Niðurstöður úr starfsmannkönnunum leiddu m.a. í ljós að starfsfólk sér tækifæri til breytinga, að skoða þurfi vinnuálag og að fylgjast með faglegri og persónulegri þróun þeirra í starfi. Jafnframt gáfu þær til kynna hvar má bæta starfsumhverfi og líðan starfsfólks.

Endur - og símenntunaráætlun: Áætlun skólans er skýr og tekið fram að starfsfólk fer á námskeið, fyrirlestra og námsferðir sem nýtast skólastarfinu. Skipulagsdagar eru jafnframt nýttir til símenntunar og námskeið á vegum Kópavogsbæjar. Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau. Í ár verður að auki lögð áhersla á fagfundi fyrir nýliða, fyrir starfsfólk inni á deildum og deildarstjóra, sem og starfsþróunardagbók sem fjallað er um í umbótaáætlun starfsáætlunar.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Skólastarfið er í stöðugri þróun og áherslur næsta skólaárs verða á innleiðingu áhersluatriða leikskólans leik, fjölmenningu, barnasáttmálann og skapandi starf. Tvær stórvægilegar breytingar á leikskólastarfinu voru gerðar, breyting á aldursdreifingu barna á deildum og breytt dagskipulag með auknum áherslum á leik. Ákveðin þróunarvinna mun eiga sér stað í vetur til að fylgja þessum breytingum eftir. Breytt dagskipulag kallar á aðrar aðferðir í málörvun og hvernig kennarar og starfsfólk leggja inn námsefni og ný aldursdreifing kallar á aðrar leiðir í auknu samstarfi milli deilda. Markmið skólaársins er því að þróa árangursríkar leiðir í málörvun í leik og starfi í fjölbreyttu umhverfi, efla flæðið og styðja starfsfólk í að mennta börn í gegnum leikinn. Áframhaldandi þróun mun eiga sér stað í kringum teymisvinnu þar sem málörvunarteymi, Barnasáttmálateymi og fjölmenningateymi munu vinna áfram að þróun og efla starfsfólk í þessum þáttum.

Barnasáttmállinn – Heimsmarkmið: Efstihjalli vinnur að því að verða Réttindaskóli UNICEF og því er Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna einn af megin áherslum starfsins í skólanum, áframhaldandi innleiðing og þróun starfshátta mun eiga sér stað í tengslum við hana. Áhugavert verður að fylgjast með framvindu þeirra vinnu.

Börn: Börn með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn eru 46 talsins eða rétt rúmlega 47% barna í Efstahjalla. Í skólanum eru fulltrúar yfir 20 tungumála og því er lagt upp úr því að efla börnin til sjálfstæðis og sjálfshjálpar í fjölbreyttu, skapandi og krefjandi námsumhverfi. Horft er á skólastarfið út frá þörfum einstakra barna sem og barnahópsins í heild. Börnin öðlist færni í að vinna í hóp, hlusta á aðra, sýna virðingu og samhygð. Börnin séu virkir þegnar í þjóðfélaginu og hafi rödd sem heyrir, þau séu atorkusöm og hafi úthald, seiglu og trú á eigin getu.

Starfsmenn: Samsetning starfsmannahópsins í Efstahjalla er fjölbreyttur, handahafar leyfisbréfs, nemar, háskólamenntaðir starfsmenn og leiðbeinendur. Áhersla er á að skapa sameiginlega sýn starfsfólks á starfi skólans, gerður hefur verið samskiptasáttmáli, viðhalda starfsánægju ásamt því að starfsfólk hafi tækifæri til að auka þekkingu sína, öryggi og tækifæri til að vaxa í starfi. Starfsfólk er stutt í því að mennta börn í gegnum leikinn og samhliða því er aukin fræðsla um leik barna, starfsfólk fær eigin starfsþróunardagbók og stuðning frá leikskólaráðgjöfum menntasviðs Kópavogsbæjar.

Foreldrar: Forsjáraðilar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og er lögð áhersla á að þeir séu upplýstir um starf skólans og vinnu barnanna. Haldnir eru fjölmargir viðburðir til að styrkja enn frekar gott samstarf milli leikskólans og forsjáraðila til að mynda fjölmenningsarvika, smákökuboð, læsisvikur, fjölskyldukaffi. Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við skólann.

Annað: Ýmis krefjandi verkefni standa fyrir nýjum stjórnendum í Efstahjalla og markmið þeirra er meðal annars að finna árangursríkar aðferðir til að efla menntun barna og starfsánægju og samstarf í leikskólanum. Einn af styrkleikum leikskólans er hve mörg tækifæri börn og starfsfólk fá til að kynnast fjölbreyttri menningu og tungumálum sem getur haft jákvæð áhrif á sköpunarkraft og lausnaleit allra með fjölmenningu, réttindi barna, sköpun og samskipti að leiðarljósi.